

Stefán Erlendsson

Myndirnar í Laugalandsskóla

Þegar ég kom fyrst til starfa í Laugalandsskóla í Holtum fyrir réttum fimmtán árum vakti það strax athygli mína hversu mörg frambærileg listaverk prýddu húsakynni skólans og menningarmiðstöðvarinnar á staðnum. Þarna blöstu við myndir eftir Örlyg Sigurðsson, Erró, Braga Ásgeirsson, Gunnar Örn Gunnarsson og Vigni Jóhannsson. Ég undraðist þetta mjög og var tjáð að flest verkanna væru þarna til komin fyrir atbeina Gunnars Arnar sem hefði gefið skólanum fimm myndir en stofnunin auk þess keypt af honum tvö verk. Ég hvarf á braut að þremur árum liðnum en myndirnar í Laugalandsskóla hafa verið mér hugleiknar allar götur síðan. Fyrir nokkrum árum kom ég aftur á Laugaland og starfaði við skólann um eins árs skeið í afleysingum og svo í þriðja sinn undir sömu formerkjum síðastliðið haust. Þá fyrst hugkvæmdist mér að nota myndirnar sem efnivið í kennslu og lagðist í rannsóknarvinnu til að afla frekari vitneskju um listaverkin og höfundu þeirra. Ég leitaði víða fanga, í *Listasögu Íslands*, bókum sem ég fann um listamennina, gömlum blaðagreinum og viðtölum, á veraldarvefnum og spurði þá Sigurjón Bjarnason skólastjóra, Braga Guðmundsson húsverð og Olgeir Engilbertsson fyrrverandi húsverð spjörunum úr. Þegar afrakstur þessarar vinnu lá fyrir fannst mér



Örlygur Sigurðsson
Eldfjöllin tvö, 1989-1990
Olía á spónaplötu, 255 x 549 cm

tilvalið að bjóða Sunnlendingum og öðrum lesendum *Dagskrárinnar* í skoðunarferð um Laugalandsskóla og segja frá því sem fyrir augu ber í máli og myndum. Ljósmyndir af verkunum tók Anna Jóna Huldudóttir nemandi í 10. bekk við skólann.

Menningarmiðstöðin tekin í gagnið

Flestar myndanna eru í stóru anddyri menningarmiðstöðvarinnar sem er á tveimur hæðum og tengir saman matsal skólans – sem jafnframt er samkomustaður sveitanna sem að skólanum standa – og skrifstofuálmu á annarri hæð hússins og íþróttahús, sundlaug og tilheyrandi aðstöðu á jarðhæð. Mynd Örlygs Sigurðssonar, *Eldfjöllin tvö* frá 1989-1990, var máluð samkvæmt pöntun og sett

upp fljótlega eftir að byggingu menningarmiðstöðvarinnar og íþróttahússins lauk. Hún hangir uppi í anddyrinu á annarri hæð gegnt stiganum og innganginum í matsalinn. Myndin er máluð á þrjár spónaplötur sem voru látnar standa í húsinu í nokkurn tíma til þurrkunar áður en þær voru festar upp. Listamaðurinn var sjálfur viðstaddur uppsetninguna. Á þessum tíma þótti sjálfsagt að kaupa eða láta vinna myndverk af þessu tagi fyrir stofnanir á borð við skóla. Listaverkasjóður ríkisins lagði til fjármuni til kaupa á myndinni og skólinn borgaði það sem á vantaði. Um er að ræða gríðarstórt olíumálverk í heitum,

mildum litum og bláum, ljósbláum og hvítum lit þannig að úr verður eins konar samblend af rómantik, félagslegu raunsæi og naívisma. Neðst í vinstra horni myndarinnar er texti sem lýsir innihaldi hennar og hugarþeli málarans. „Eldfjöllin tvö: Hekla og Einar Ben. Hann var frumkvöðull virkjana í Rangárþingi og töfameistari Títan-draumsins. Ljóðgyðjan leikur á hörpu og laxinn stekkur. Kvinnaljóminn Gunnar á Hlíðarenda gjóir vökulum augum til kviknakinna lenda ljóðdísarinnar og mælir: „Fögur er hlíðin.“ Oddaverjinn Sæmundur fróði svamlar á selnum í „heita pottinum.“ Megi andi Oddaverjans og Njáls hins forvitra leika um þetta stórhuga menntasetur Rangæinga um ókomin ár.“ Í myndinni birtast þannig náttúra og saga Rangárþings í hnotskurn; kraftarnir í iðrum jarðar, vatnsorkan og afl mannhugans, líkamlegt atgervi og fegurð, viska, sköpun, framtak og djörfung – að ógleymdri kímigáfu listamannsins.

Bragi húsvörður benti mér á að myndin væri gædd þeim eiginleika að hvort heldur sem staðið er fyrir framan hana eða til sitt hvorrar hliðar horfist maður í augu við Einar Ben. sem horfir engu að síður beint fram. Og því er einnig þannig farið með ljóðgyðjuna og Gunnar á Hlíðarenda þó að augnatillit þeirra sé ekki jafn fast og sterkt og ábúðarfullur augnsvipur skáldsins og athafnamannsins.

Höfundur verksins, Örlygur Sigurðsson (1920-2002), var fjölhæfur listamaður og helgaði líf sitt myndlist og ritstörfum. Hann lagði stund á myndlistarnám í Bandaríkjunum á árunum 1941-1945. Þar var honum boðið að starfa sem teiknari hjá Walt Disney en hann afþakkaði og fór aftur heim til Íslands. Örlygur sýndi mikið frá því hann kom heim og fram yfir 1960, bæði málverk og teikningar, og gat sér einnig gott orð fyrir myndskreytingar sínar. Viðfangsefni hans voru oftast hughrif

líðandi stundar sem hann tjáði á kíminn og gamansaman hátt. Margar myndir eru til eftir hann af þekktum Íslendingum sem lýsa vel færni hans sem portrettmálari og teiknari. Hann var líka afkastamikill greinahöfundur og skrifaði, myndskreytti og gaf út fimm bækur þar sem lífsskoðanir hans og mannlýsingar nutu sín vel.



Gunnar Örn
Án titils, 1981
Olía á striga, 51 x 45 cm

Þáttur Gunnars Arnar

Allar hinar myndirnar í Laugalandsskóla tengjast Gunnari Erni myndlistarmanni að einni undanskilinni sem kom ekki til sögunnar fyrr en síðar og er eftir Heklu Björk Guðmundsdóttur. Gunnar Örn flutti með fjölskyldu sinni frá Reykjavík upp úr miðjum níunda áratug síðustu aldar og settist að á bænum Kambi í Holtum. Þar opnaði hann lítið galleri og sinnti listköllun sinni í kyrrð og fegurð sveitarinnar. Dætur Gunnars Arnar gengu í Laugalandsskóla og

hann lét fljótlega til sín taka í þágu skólans. Auk þess að gefa skólanum fimm verk eftir sjálfan sig og aðra kenndi hann myndlist við skólann veturinn 1996-1997 og bauð gjarnan fram starfskrafta sína þegar á þurfti að halda í tengslum við ýmsa viðburði. Hann sagðist vilja leggja sitt af mörkum til skólans og

Gunnar Örn (1946-2008) var sjálf-lærður listamaður sem skipaði sér í fremstu röð íslenskra myndlistarmanna af hans kynslóð og vakti líka athygli víðar. Hann tileinkaði sér snemma myndmál figúratífa mál-



Gunnar Örn
Gætir þú bróður þíns, 1995
Olía á striga, 110 x 80 cm

verksins, varð fyrir sterkum áhrifum frá nýja málverkinu sem kom fram um 1980 og setti manninn í öndvegi í listsköpun sinni. Síðar sneri Gunnar Örn sér að óhlutbundnari og andlegri viðfangsefnum í málverkum sínum sem smám saman urðu meira abstrakt og mun persónulegri. Árið 1988 var hann fulltrúi Íslands á Feneyjatvíværingnum – La Biennale di Venezia – sem er langvirtust allra alþjóðlegra myndlistarsýninga og auk þess elsta

sýning sinnar tegundar í heiminum. Gunnar Örn fetaði þannig í fótspor myndlistarmanna á borð við Ásmund Sveinsson, Jóhannes S. Kjarval, Þorvald Skúlason, Svavar Guðnason og Sigurð Guðmundsson. Hann hélt

Á efri hæðinni í anddyri menningar-miðstöðvarinnar hanga þrjár myndir eftir Gunnar Örn. Sú elsta er lítið olíumálverk af karlmanni með húfu og sólgleraugu. Hún er frá 1981 og án titils en hefur gengið undir nafninu „húsvörðurinn“ meðal starfsfólks skólans. Verkið gæti þó hæglega verið sjálfsmynd. Augun, spegill sálarinnar, eru hulin á bak við dökkt gler, svipurinn óræður og það er eins og höfuðið svífi í lausu lofti án nokkurs sambands við líkamann – að rof hafi orðið milli sálar og líkama, hugsunar og tilfinninga. Þetta er gamalkunnugt stef í verkum Gunnars Arnar; maðurinn er ekki heill og óskiptur heldur klofinn og framandi sjálfum sér, týndur í hversdagslegu umhverfi sínu.

Vinstra megin við innganginn í matsalinn er verkið *Gætir þú bróður þíns* sem er olíumálverk frá árinu 1995. Það virðist einfalt á yfirborðinu en við nánari skoðun kemur annað í ljós. Myndflöturinn er dökkur í grunninn en málað yfir með sterkum litum á nokkrum stöðum. Fyrir miðju er vangamynd af náhvítum, hárlausum manni sem teygir niður nakinn handlegginn og heldur um hárlaust höfuð sem snýr öfugt við honum eins og um væri að ræða spegilmynd hans sjálfs. Og náhvítur, hárlaus andfætlingurinn teygir upp nakinn handlegg sinn og heldur um höfuð hans. Sjálf og annar tengjast þannig órofa böndum og hvorugur getur verið án hins; maður er manns gaman. Ég gæti bróður míns og bróðir minn gætir mín. En listamaðurinn efast og spyr: Gætir þú bróður þíns? Bönd siðferðisins trosna og slitna jafnvel alveg þegar skynsemin lætur í minni pokann fyrir frumhvötunum og ástríðurnar taka völdin. Myndmálið leynir á sér. Andfætlingurinn hefur tvö andlit sem undirstrikar enn frekar tvíeðli mannsins, skynsemi hans og siðferði annars vegar og hin myrku öfl hvatalífsins hins vegar – og þá innri baráttu sem háð er milli góðs og ills. Auk þess má



sjá fleiri andlit og figúrir í verkinu sem hafa táknræna merkingu eins og í svo mörgum öðrum verkum Gunnars Arnar.

Ofarlega við stigann á milli hæða í anddyrinu er stórt olíumálverk sem heitir *Svo margt* og er frá 1992-1995. Þetta er margslungið verk, myndmálið auðugt og blæbrigðaríkt. Andlit og figúrir af mismunandi stærðum og gerðum mynda óreglulegan klasa eða form á þrískiptum grunnfleti í æpandi bleikum lit, dökkbrúnum og svörtum lit og loks ljósbláum lit neðst í hægra

horninu. Á einum stað er höfuð af tígrisdýri sem fyrr en varir breytist í andlit á konu sem líkist Ásdísi Rán; og á sama stað skýtur páfagaukur upp kollinum og fleiri andlit koma í ljós þegar betur er að gáð. Þarna má einnig sjá vofu með galopinn munn og skelfingarsvip sem minnir á *Ópið*, og ótal andlit og svipi nánast hvert sem litið er. Hér, líkt og í mörgum öðrum verkum Gunnars Arnar frá svipuðum tíma, leitar höfundurinn inn á við – kannar hug sinn og tilfinningar sem streyma úr penslinum og taka á sig ólík form og liti á striganum: Ótti, styrkur, sigur-

Gunnar Örn
Svo margt, 1992-1995
Olía á striga, 160 x 160 cm

vilji, ihugun, depurð, angist... og „svo margt“ annað. Verkið er þannig andlegt og persónulegt; tjáir hugarástand listamannsins.

Fjórða myndin eftir Gunnar Örn, *Töframaðurinn*, er í nýrri álmu sem var byggð við skólann og tekin í notkun árið 2007. Þar hangir hún uppi í setustofu sem er ætluð elstu nemendum skólans. Þetta er stórt olíumálverk frá 1986-1988. Í forgrunni verksins, ofarlega til vinstri, er



Gunnar Örn. *Töframaðurinn*, 1986-1988
Olía á striga, 160 x 180 cm

töframaðurinn sjálfur. Öðrum hlutum virðist raðað allt að því handahófskennt á myndflötinn. Lokað umslag, hönd töframansins, spegilmynd hans eða náungi, þrjár tröllslegir fingur úr annarri átt, kynjaskepna sem líkist ormi eða slöngu og kemur fyrir í mörgum verka Gunnars Arnar frá þessum tíma, hnifur sem rekinn er á kaf í eggлага hlut sem gæti verið mannshöfuð og loks einföld þríhyrnd form og mjúkar ávalar línur. Litirnir eru sterkir og ágengir. En hér er ekki allt sem sýnist. Töframaðurinn slær ryki í augu áhorfandans og myndin sem birtist honum er brotakennd og örökvísleg. Utan frá sjáum við það sem aðrir hafa fyrir satt og þurfum því að leita sannleikans inn á við.

Upphaflega hékk myndin við stigann í anddyrinu – þar sem verkið *Svo margt* er núna – en Gunnar Örn var aldrei sáttur við hana þar; fannst hún ekki njóta sín sem skyldi. Með tilkomu nýju álmunnar fann hann myndinni betri stað og hjálpaði sjálfur til við flutninginn á henni. Þess má einnig geta að Gunnar Örn réði staðsetningu allra hinna verkanna sem tengjast honum og sá jafnframt um uppsetningu þeirra.




Bragi Ásgeirsson. *Án titils*, 1968
Fundnir hlutir og málning á tré, 139 x 62 cm

Ári síðar lést Gunnar Örn fyrir aldur fram. Honum var ekki ætlaður lengri tími. En arfleifð hans lifir áfram í Laugalandsskóla. Hann kom því til leiðar að veggirnir þar „anda af sköpun“ í stað þess að vera hvítir og auðir eins og hann hefði sennilega orðað það sjálfur.

Hinir listamennirnir

Til vinstri við mynd Örlýgs Sigurðssonar á efri hæðinni í anddyri menningarmiðstöðvarinnar er verk eftir Braga Ásgeirsson. Það er frá 1968 og án titils. Höfundurinn raðar hlutum sem hann hefur fundið á förnunum vegi á tvíviðan flöt og þekur yfirborðið með málningu. Myndflöturinn er afmarkaður með dökkum ramma og skiptist í þrjá misstóra hluta. Verkið er í brúnum og dökkbrúnum lit og á stöku stað glittir í rautt. Tappar, snæri og strigapjötflur hleypa yfirborðinu upp og ljá tvíviðum myndfletinum þrívíða áferð þar sem greina má merkingarbær form sem ef til vill segja ákveðna sögu. Með því að taka inn í verkið hversdagslega hluti úr daglegu umhverfi sem aðrir hafa kastað beinir Bragi sjónum okkar að neyslusamfélagi líðandi stundar og vísar þannig í myndmál auglýsingamenningar eins og það birtist í popplist. Hér er þó ekki um að ræða beina samsvörun við hugmyndafræði popplistarinnar, viðtekna aðferðir hennar og stíl, heldur frekar „skyldleika við myndlist sem notfærir sér fundna hluti þannig að úr verður fagurfræði...í úrkynjuninni, eitthvað líkt og þegar náttúran deyr á haustin, hlutir eldast og mást, járn ryðgar,“ svo að vitnað sé í listamanninn sjálfan (*Augnasinfónía*, s. 52).

Bragi Ásgeirsson (f. 1931) er fjölhæfur myndlistarmaður sem hefur afkastað miklu á löngum ferli. Hann aflaði sér yfirgripsmikillar menntunar í myndlistinni og verk hans spanna vítt svið – teikningar, figúratíf grafík, upphleyppt popplistaverk og abstrakt



málverk. Bragi var kennari við Myndlista- og handiðaskóla Íslands árin 1956-96 með örfáum hléum og brautryðjandi í grafikkennslu á Íslandi. Hann var listrýnir og greinahöfundur við *Morgunblaðið* frá 1966 og hefur skrifað fjölda greina um íslenska list í íslensk og erlend blöð og rit. Bragi hefur haldið fjölmargar einkasýningar og tekið þátt í mörgum samsýningum hér heima og erlendis. Verk hans eru í eigu allra helstu listasafna landsins og nokkurra erlendra, einnig fjölmargra fyrirtækja, opinberra stofnana, einkaaðila og einkasafna á Íslandi og víðar.

Á neðri hæðinni í anddyri menningarmiðstöðvarinnar eru tvö verk. Annað er eftir listamanninn Guðmund Guðmundsson eða Erró eins og hann kallar sig. Það er vinstra megin við innganginn í íþróttasalinn. Erró er einn af forvígismönnum evrópskrar popplistar eða frásagnarlistar og hefur þróað persónulegt

myndmál sem á engan sinn líka í veröldinni. Hann byrjaði að nota frásagnaraðferð í listsköpun sinni til að miðla gagnrýninni sýn á veruleikann og mörg verka hans fela í sér sterkan boðskap andófs gagnvart neylusamfélaginu, stríði, ofbeldi og græðgi. Sem gagnrýnandi hlífir hann engum og gagnrýnir allt. Ekkert er honum heilagt. Verkið sem hér um ræðir er frá 1975 og án titils. Þetta er litógráfía eða flatþrykk sem unnið er með sérstakri tækni. Hermaður eða skæruliði stendur með eldspúandi vélbyssu inni í nýttiskulegu eldhúsi bandarískar millistettar fjölskyldu. Stríðshryllingurinn er settur í hversdagslegt samhengi alsnægtþjóðfélagsins og afhjúpar þannig tvískinnunginn og andstæðurnar í lífi fólks – þá hyldýpisgjá sem er milli öryggis og velsældar hins almenna borgara annars vegar og ofbeldis og hörmunga samfara styrjaldarrekstri hins vegar. Erró hafði áður málað tvær seríur um

Erró
Án titils, 1975
Litógráfía, 58 x 78 cm

Vietnamstríðið sem voru fyrst sýndar í Köln árið 1974. Þar dregur hann einnig upp myndir af glæsilegum bandarískum hýbýlum og klippir inn í þær Vietkong skæruliða.

Á litríkum ferli sínum hefur Erró (f. 1932) skapað sér nafn á heimsvísu og hann er án efa einn þekktasti og virtasti listamaður Íslendinga. Evrópska frásagnarmálverkið er orðið sérstakur skóli í bókum um nútímalistasögu og þar hefur Erró verið leiðandi og hlotið verðskuldaða athygli. Enginn annar Íslendingur hefur komist á spjöld heimslistasögunnar með viðlíka hætti og því ekki að undra að talað sé um hann sem „mesta heimsborgara íslenskrar nútímamyndlistar“ (Aðalsteinn Ingólfsson). Erró var fulltrúi Íslands á Feneyjatværingnum árið 1986, næstur á undan Gunnari Erni, og er



Vignir Jóhannsson
Sjálfsmynd, 1982
Lituð blýantsteikning á pappír, 70 x 100 cm

fyrsti og eini popplistamaðurinn sem farið hefur fyrir okkar hönd. Hann gaf Reykvikungum yfir 3000 listaverk sem varðveitt eru í Listasafni Reykjavíkur og allt árið um kring er boðið upp á sýningar á verkum hans í húsakynnum safnsins.

Hægra megin við innganginn í íþróttasalinn er lituð blýantsteikning á pappír eftir Vigni Jóhannsson. Þetta er sjálfsmynd frá 1982 en þegar horft er á verkið kemur Andy Warhol, einn helsti frumkvöðull popplistar í Bandaríkjunum, ósjálfrátt upp í hugann. Myndin var á meðal 33 teikninga á fyrstu einkasýningu Vignis í Listmunahúsinu í Lækjargötu árið 1982 sem allar báru vitni um tæknilegt öryggi listamannsins og „þann ásetning að miðla orku og krafti sem myndlíkingu fyrir mannlega tilvist“ (*Listasaga Íslands*, 5. bindi, s. 27).

Vignir Jóhannsson (f. 1952) útskrifaðist úr grafíkdeild Myndlista- og handiðaskóla Íslands árið 1978 og hélt þá til Bandaríkjanna í framhaldsnám við Rhode Island School of Design þar sem hann lauk prófi árið 1981. Þó að Vignir hafi stundað nám í grafíklist haslaði hann sér völl sem einn af fulltrúum nýja málverksins á samsýningu með Gunnari Erni og Jóni Axeli Björnssyni í listasafni ASÍ tveimur

stjórn málasamtaka sem hópur fyrrverandi stjórnlagaráðsfulltrúa setti á laggirnar í febrúar 2013.

Verk Heklu Bjarkar Guðmundsdóttur, *Í Hekluhrauni*, er olíumálverk frá 2006 og hangir uppi í sameiginlegu fundarherbergi og kaffistofu grunnskólans og Leikskólans á Laugalandi. Neðst á myndfletinum standa fjórar andlitslausar kindur í Hekluhrauni og mæta augnatilliti áhorfandans tómar á svip. Einfalt og kassalaga form þeirra hefur verið eitt af einkennismerkjum Heklu. Hólar og hæðir í hrauninu eru í ljósgrænum og hvítum lit á svargrænum grunni og hverfa smám saman inn í myndina. Í fjarska trónir svo drottning íslenskra eldfjalla og nafna listakonunnar dulmögnuð og seiðandi. Foreldrar Heklu, heiðurshjónin Sigurlaug Steingrimsdóttir og Guðmundur



Hekla Björk Guðmundsdóttir
Í Hekluhrauni, 2006
Olía á striga, 120 x 160 cm

skúlptúr samhliða málverkinu. Vignir var búsettur í Bandaríkjunum allt fram til ársins 1995 en hélt reglulega sýningar á Íslandi. Bandarísk samtímalist hefur því mótað hugmyndir hans gegnum tíðina. Vignir gerði verðlaunagrip sem CCP fékk þegar fyrirtækið hlaut Útflutningsverðlaun forseta Íslands árið 2010. Hann hefur einnig myndskreytt vefsíðu Lýðræðisvaktarinnar,

Gíslason, færðu Laugalandsskóla verkið að gjöf á 50 ára afmæli skólans árið 2008. Þau eru bæði fyrrverandi kennarar við skólann og ólu þar allan sinn starfsaldur.

Hekla Björk Guðmundsdóttir (f. 1969) er bæði hönnuður og

listakona. Hún er alin upp á Laugalandi og gekk í Laugalandsskóla. Hekla útskrifaðist frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1994 og stundaði jafnframt nám í Þýskalandi 1993-1994. Hún sækir innblástur í íslenska náttúru og hefðir. Kindin, hesturinn og lóan hafa einnig verið fyrirferðamikil í listsköpun hennar ásamt villtri flóru Íslands. Verk Heklu eru fjölbreytt að gerð og hún notar margs konar efnivið, s.s. ál, hör, tré og pappír.

Lokaorð

Í þessari skoðunarferð hefur verið boðið upp á leiðsögn áhugamanns um myndlist og einlægs listunnanda. Lýsingar og túlkanir á myndunum í Laugalandsskóla koma því úr penna leikmanns. Myndverk af þessu tagi eru hins vegar opin fyrir túlkun og túlkunarmöguleikum áhorfandans – leikra jafnt sem lærðra – eru jafnan lítil takmörk sett. Þannig mátti túlka verk Gunnars Arnar, *Svo margt*, á allt

annan veg en gert var hér að framan. Til dæmis er vel hægt að ímynda sér að figúrnar, andlitin og svipirnir séu sálir framliðinna á sveimi milli jarðvista eins og lýst er í goðsögu Ers í *Ríkinu* eftir Platón. Ómeðvitað tekur hver sál með sér fyrri reynslu inn í næsta líf og ýmist geldur fyrir mistök og misgerðir eða nýtur réttar breytni og góðra verka – og þetta endurspeglast í byggingu, formum og litasamsetningu verksins. Eins má hugsa sér að upphleypt verk Braga Ásgeirssonar snúist ekki um fagurfræði í úrkynjuninni heldur hafi eitthvað allt annað vakað fyrir listamanninum. Áferð verksins er t.d. ekki óáþekk yfirborði tungslins eða jafnvel reikistjörnnunnar mars. Þarna sjást útlínur að mannveru eða vélmenni á einum stað og einhvers konar farartæki sem minnir á tunglbíl á öðrum. Höfundurinn gæti þannig verið að segja sögu t.a.m. af draumum mannsins um að komast til fjarlæggra hnatta og viðleitni hans til

þess láta drauma sína rætast. Fyrsti maðurinn steig svo fæti á tunglið ári eftir að verkið var unnið. Það er því hægt að fara í ýmsar áttir þegar verk-in eru túlkuð. Allt sem þarf er áhugi á viðfangsefninu og vilji til verksins – og gefa síðan ímyndunaraflinu lausan tauminn. Hvert það leiðir veit enginn fyrr en á reynir. Þetta er ferð sem gefur fyrirheit um að eitthvað óvænt sé í vændum; að okkar bíði galdur eða ævintýri.

Komið er að leiðarlokum hjá okkur lesandi góður og ég þakka samfylgdina. Mín biður önnur ferð með nemendum Laugalandsskóla þar sem þeir verða í hlutverki leiðsögumansins og ég í þínum sporum. Það verður spennandi að sjá og heyra hvað andinn blæs þeim í brjóst og hlusta á allar sögurnar og ævintýrin sem þeir spinna út frá því sem fyrir augu ber.

Skrifað á Laugalandi í mars 2013